



ERINDISBRÉF FYRIR STARFSHÓP UM FRAMTÍÐARSKIPULAG MÖTUNEYTISMÁL Á AKRANESI

Markmið með stofnun starfshópsins

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum 14. febrúar 2019 að stofna starfshóp til þess að koma með tillögu um framtíðarskipulag mötuneytismála í mennta- og þjónustustofnunum Akraneskaupstaðar. Markmiðið með störfum hópsins er m.a. að skoða hagræðingu í innkaupum, samþættingu milli stofnana og lýðheilsu markmið varðandi hollustu matar.

Ábyrgðaraðili

Bæjarráð.

Fulltrúar í starfshópnum

- Ólöf Linda Ólafsdóttir (D) sem er formaður hópsins.
- Liv Aase Skarstad (B) sem er varaformaður hópsins.
- Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs sem annast fundarritun og fundarboðun í samráði við formann.
- Sveinborg Kristjánsdóttir starfandi sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.
- Kristjana Ólafsdóttir verkefnastjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Verkefni starfshópsins

- Leggja fram upplýsingar sem sýna stöðuna eins og hún er í dag m.a. með tilliti til eftirfarandi þátta:
 - Greining á innkaupum til mötuneyta á stofnunum bæjarins.
 - Greining á ástandi á búnaði og rými mötuneyta stofnanna.
 - Greining á kostnaði við hverja máltíð og samanburði á milli stofnanna.
 - Mat á kostnaðarpáttöku þjónustuþega.
 - Mat á gæðum máltíða út frá lýðheilsusjónarmiðum.
- Leggja fram tillögur að framtíðarskipulagi mötuneytismála t.d. út frá hugmyndinni um eitt stóreldhús, útvistun, á forsendum hagstæðra innkaupa og framleiðslu, sambærilegra gæða máltíða og hollustu matar í samræmi við lýðheilsu markmið.
- Starfshópurinn skal sérstaklega skoða aðstöðu á Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili og kanna hvort hægt sé að nýta aðstöðu þar fyrir hugsanlegt framtíðarskipulag mötuneytismála.
- Starfshópurinn skal hafa til hliðsjónar við störf sín markmið um Heilsueflandi samfélag sem Akraneskaupstaður er um það leyti að fara að innleiða.

Ráðgjöf og samstarf

Starfshópurinn getur leitað ráðgjafar eftir þörfum hjá þeim sem við á t.d. til stjórnenda og starfsmanna leik- og grunnskóla og foreldra. Frá ráðgjöfum sem hafa sérþekkingu eða reynslu af viðfangsefni hópsins á hverjum tíma. Áður en lagt er út í kostnað við kaup á sérfræðiaðstoð skal kostnaðarmat lagt fyrir bæjarráð til samþykktar.

Starfstími og skil

Starfshópurinn skal hefja störf eigi síðar en 15. maí 2019. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn kynni stöðuna í framvindu verkefnisins á fundi skóla- og frístundaráðs fyrir 15. september 2019 og lokaniðurstöður í október 2019.

Verklag

Starfshópurinn skal starfa samkvæmt reglum um stofnun starfshópa hjá Akraneskaupstað. Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs annast eftirfylgni mála á milli funda. Starfshópurinn skal funda eins oft og þörf krefur. Á fundum starfshópsins skulu ritaðar fundargerðir, þar sem fram koma helstu ákvarðanir, verkefni sem unnin skulu á milli funda og annað það sem máli skiptir fyrir störf hópsins. Laun eru greidd til bæjarfulltrúa samkvæmt reglum Akraneskaupstaðar um laun fyrir setu í ráðum, nefndum og starfshópum.

Samþykkt í bæjarráði 26. apríl 2019.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

The image shows an official blue ink stamp of the Akranes Municipality. The stamp is oval-shaped and contains the text "BÆJARSTJÓRINN" at the top and "AKRANES" at the bottom. In the center is a small crest. Overlaid on the stamp is a handwritten signature in blue ink that reads "Sævar Freyr Þráinsson".

Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri